

Enska

5.-7. bekkur

Enska er kennd í 7. bekk. Enskukennsla í 5.-7. bekk í Hörðuvallaskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá á fyrsta stigi þó einhverjir nemendur vinni á 2. stigi.

Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist enskan í eftirfarandi þætti: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni

Hæfniviðmiðin úr Aðalnámskrá koma fram í fremsta dálkinum hér fyrir neðan.

Í kennsluáætlunum og verkefnum inni í Mentor sést hvað sett er á oddinn á hverju tímabili í árgöngum.

Formlegt lokamat fer aðeins fram í lok 7. bekkjar.

Hlustun

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur:</p> <p>1. stig Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni. Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta.</p> <p>2. stig</p> <p>Nemandi getur: Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti. Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt. Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnulegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.</p>	<p>Hlustun á einfaldar frásagnir. Nota upplýsingar í eigin verkefni. Skilja meginatriði í texta og samtölum.</p>	<p>Fylgja enskum fyrirmælum. Hlustunaræfingar af hljóðdiskum. Lesi fjölbreytt enskt efni í bókum, blöðum og á internetinu – helst eftir áhuga hvers og eins. Að kennari tali ensku, búti fyrirmæli niður í smærri einingar og fylgi því eftir á íslensku. Að nemandi fylgi enskum fyrirmælum. Að nemendur fái tækifæri á að æfa sig í samtölum. Að nemendur hlusti reglulega á fjölbreytt efni og vinni fjölbreytt verkefni út frá inntaki. Horfa á myndefni og spjalla um það í litlum hópum.</p>	<p>Ýmsar námsbækur, lesbækur, þemahefti, verkefni í spjaldtölvum...</p>

Lesskilningur

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: 2. stig Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra. Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu. Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.</p>	<p>Skilja inntak fjölbreyttra texta. Lesa fjölbreyttar textagerðir.</p>	<p>Unnið með margskonar lesefni; lestrarbækur, vinnubækur, kjörbækur og ýmis áhugategnd efni á netinu. Finna lykilorð í texta. Nemendur endursegja eða endurskrifa texta sem þeir hafa lesið. Nemendur lesi texta í sameiningu og ræða innihaldið markvisst út frá gefnum spurningum. Nemendur semji spurningar úr fjölbreyttum textum.</p>	<p>Ýmsar námsbækur, lesbækur, þemahefti, verkefni í spjaldtölvum...</p>

Samskipti

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>1. stig Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. 2. stig Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf. Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum. Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.</p>	<p>Samskiptaæfingar. Geta tileinkað sér málið við algengar aðstæður.</p>	<p>Samtalsæfingar Leikir Taka viðtöl Upptökur á fjölbreyttum verkefnum er varða áhugategnd efni. „Búa til“ sjónvarpsþætti.</p>	<p>Leikir og ýmsar æfingar.</p>

Frásögn

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: 2. stig Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum. Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv. Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</p>	<p>Geta sagt frá reynslu og eigin skoðunum.</p> <p>Geta undirbúið og flutt kynningu á fjölbreyttu efni. Geta samið sögu.</p>	<p>Framsögn, æfð og óæfð. Tjáning í litlum hópum. Setja upp stutta leikþætti um afmörkuð viðfangsefni.</p>	<p>Ýmsar námsbækur, lesbækur, þemahefti, forrit í spjaldtölvum...</p>

Ritun

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.</p> <p>2. stig Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmýnda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.</p> <p>Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt. Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.</p> <p>Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.</p>	<p>Lýsingar á einföldu máli. Skrifað mismunandi/fjölbreytta texta. Skrifað eftir ímyndunarafli.</p>	<p>Ritunaræfingar Ritun; frá stuttum setningum upp í smásögur. Ljóð Frásagnir Lýsingar Stafsetning Ritun texta í tölvu Ritun texta með ákveðinn lesanda í huga. Ritunaræfingar sem byggja á ritun orða úr námsefninu sem og æfa málfræði- og stafsetningareglur. Unnin styttri skrifleg verkefni, með texta út frá hlustunar- og textaverkefnum. Lengri ritunarverkefni.</p> <p>Æfa sig að svara spurningum með heilum setningum og nýta sér fjölbreyttan orðaforða. Skrifa greinargerð og/eða ritgerð úr sögu að eigin vali. Skrifa um valin viðfangsefni s.s. áhugamál, íþróttir og málefni tengd nærumhverfi nemenda s.s. einelti, vináttu o.þ.h.</p>	<p>Ýmsar námsbækur, lesbækur, þemahefti, verkefni og forrit í spjaldtölvum...</p>

Menningarläsi

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur:</p> <p>1.stig Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða. Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglíngamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra. Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.</p> <p>2. stig Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu. Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.</p>	<p>Þekkja hvar enska er töluð. Þekkja hversu útbreidd enskan er.</p>	<p>Afla sér upplýsinga með fjölbreyttum hætti, s.s. bókum, interneti.</p>	<p>Rafrænt efni.</p>

Námshæfni

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni	Mat
<p>Nemandi getur:</p> <p>1. stig Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.</p> <p>2. stig Beitt lyklnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram. Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara. Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu. Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi. Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur.</p>	<p>Tengt viðfangsefni við eigin reynslu. Geta valið námsleiðir og viðfangsefni við hæfi.</p> <p>Geti beitt sjálfsmati og jafningjamati. Geti byggt ofan á fyrri þekkingu. Geti notað hjálpartæki sem hentar hverju sinni.</p>	<p>Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.</p>	<p>Orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur.</p>	<p>Námsmat grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor Leiðsagnarmat er gegnumgangandi. Matskvarði í 5.-7. bekk er framúrskarandi, hæfni náð, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð. Eða framvindukvarðinn í Mentor.</p>